

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

2020

Aðalfundur Góðvina var haldinn rafrænn á Teams fimmtudaginn 19.11.2020 kl. 11.

Fundarstjóri: Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina

Fundarritari: Sólveig María Árnadóttir

Fundargestir: Katrín Árnadóttir, Einar Brynjólfsson (formaður), Kristjana Hákonardóttir, Sólveig María Árnadóttir, Elva Gunnlaugsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Steinunn Alda Gunnarsdóttir

Fundur formlega settur klukkan 11:06.

1. Skýrsla stjórnar

Katrín Árnadóttir, fór yfir skýrslu stjórnar Góðvina fyrir starfsárið 2019.

- a) Alls greiddu 85 félagsgjöld árið 2019, sem er mjög bág staða. Ýmislegt hefur áhrif og s.s. ný persónuverndarlög sem hafa það í för með sér að ekki er lengur heimilt að senda greiðsluseðla á allar mögulegar kennitölur, heldur aðeins hægt að senda á þá sem formlega eru skráðir í félagið í gegnum vefsíðuna. Hefur reynst tiltölulega erfitt að sækja í félaga.
Farið verður í átak að hvetja fleiri til að skrá sig í félagið með vorinu, það sé sennilega jákvæðast og gagnlegast að gera það í kringum brautskráningu.
- b) Engin fyrirtækjaaðild árið 2019.
- c) Einn styrkur var veittur, til Vísindaskóla unga fólksins, að upphæð 150.000 kr.
- d) Útgáfu fréttabréfs féll niður. Framtíð þess verður rædd nánar á komandi stjórnarfundum.
- e) Stofnfjársjóð hefur ekki enn verið komið á laggirnar.

- f) Að venju veittu Góðvinir heiðursverðlaun á brautskráningarhátíð. Einn aðili í grunnnámi á hverju fræðasviði og einn í framhaldsnámi eru heiðraðir og verðlaunaðir með gullnælu Góðvina.
- g) Endurfundir tókust afar vel til 2019, á föstudeginum þegar brautskráning úr framhaldsnámi fór fram. Meðal gesta voru fyrsti brautskráningarhópurinn frá HA. Endurfundirnir fóru fram í matsal háskólans, Elli var fenginn til að setja upp bar og myndaðist góð stemming.

2. Ársreikningur

Kristín gjaldkeri Góðvina fór yfir ársreikning félagsins og útskýrði hann.

Formaður Góðvina, Einar Brynjólfsson og Hólmfríður Lilja Birgisdóttir, skoðunarmaður reikninga gerðu bæði athugasemdir við veitingar á Háskólahátíð sem greiddar voru af Góðvinum. Katrín greinir frá því að rektor hafi tekið ákvörðun um að það verði endurgreitt Góðvinum að fullu, Góðvinir fagna því.

Ársreikningurinn er borinn upp til samþykktar og hann samþykktur einróma.

3. Framundan hjá Góðvinum

- Greiðsluseðlar fara nú til 112 félagsmanna.
- Rafrænt fréttabréf, stjórn þarf að ræða framtíð þess.
- Formleg stofnsetning stofnfjársjóðs og millifærsla gjafar Góðvina þar inn
- Skipuleggja endurfundi við brautskráningu 11. júní 2021.

Einar, formaður Góðvina, sagði frá aðkomu sinni að stofnun stofnfjársjóðar:

- Tók við drögum að stofnskrá (lögum) frá Brynhildi Pétursdóttur, fyrrum formanni.
- Einar vann málið áfram og lagði fram tillögur fyrir rektor í maí 2019. Engin viðbrögð við því frá rektor ennþá.
- Einar mun hitta rektor á morgun, 20. Nóvember, þar sem þetta verður meðal annars rætt og vonandi hægt að koma boltanum aftur á loft.

4. Kosning stjórnar

- Einar Brynjólfsson, býður sig áfram sem formaður Góðvina og er sjálfkjörinn.
- Eyrún Eva Marinósdóttir, lætur af störfum sem varamður og Sólveig María Árnadóttir býður sig fram í hennar stað. Sólveig er starfsmaður í Markaðs- og kynningarmála HA og fyrrum formaður SHA. Samþykkt.
- Sólveig María Árnadóttir lætur af störfum sem fulltrúi SHA í stjórninni og við tekur Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður SHA. Varamður hennar verður Almar Knörr Hjaltason.
- Leifur Guðni Grétarsson, sendi erindi til Katrínar fyrir fund þar sem hann segir sig úr Alumni deildinni. Deildin hefur ekki verið sérstaklega föst í hendi, þegar kemur að skipulagningu endurfunda þarf að hafa samband við þessa deild og reyna að stækka hana.

5. Árgjald

Árgjaldið hefur verið óbreytt síðustu ár. Einstaklingsaðild er 2.500 kr. og fyrirtækjaaðild er 25.000 kr. Rætt er um hækkun á eintaklingsaðildinni, samþykkt einróma að hækka einstaklingsaðild í 2.900 kr. Fyrirtækjaaðild mun áfram vera 25.000 kr. og þarf stjórn að ræða á næstu fundum hvernig sé hægt að sækja fleiri fyrirtæki.

6. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá og ekki óskað eftir öðrum málum.

Ekki var fleira gert og fundi formlega slitið kl. 11.24.